



Fjölbrautaskóli  
Suðurlands  
Vorönn 2024

## ENSK2HC05 Hagnýt enska

<b>Kennarar:</b>	<b>Elvar Ingimundarson og Ægir Pétur Ellertsson</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>EI og ÆE</b>
------------------	---	---------------	---------------------

Í þessum áfanga verða unnin fjölbreytt verkefni þar sem áhersla er lögð á alla færniþætti tungumálanáms þ.e. lestur, ritun, hlustun og tjáningu. Orðaforði og ritun vega þar þyngst. Nemendur eru þjálfaðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði uppbyggingu og orðaforða.

**Undanfari:** ENSK2HB05

**Þekkingarviðmið:** (í lok annars þreps) Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þjóðfélögum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál,
- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna þar sem tungumálið er notað og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu,
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða,
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega,
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu.

**Leikniviðmið:** Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður,
- lestri margs konar gerða af textum og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hvernar gerðar textinn er,
- að taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi,
- að tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið,
- að skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu.

**Hæfniviðmið:** Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna,
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt,
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra,
- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt,
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig,

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil** verður birt í Innu.

### Sérreglur áfangans:

- ✓ Ætlast er til að nemendur fylgist stöðugt með upplýsingum í Innu, sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og beri ábyrgð á eigin námi.
- ✓ Notkun snjallsíma, spjaldtölva eða annarra tækja í kennslustundum er einungis heimil nema í tengslum við úrvinnslu verkefna í samráði við kennara.
- ✓ Nemendum sem mæta bókalausir, eða ekki með þær bækur sem á að nota hverju sinni, eiga á hættu að verða vísað úr tíma og þeir skráðir fjarverandi í Innu. <sup>[L]</sup><sub>[SEP]</sub>
- ✓ Nemendur skulu mæta stundvíslega í alla tíma, minna kennara á viðveruskráningu í lok tíma komi þeir of seint og fylgjast með í Innu. Nemendur sem mæta 15 mínútum eftir upphaf tímans eða seinna fá skráða fjarvist í Innu.
- ✓ Skilaskylda er á öllum verkefnum. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf eða verkefni sem ekki er tekið eða skilað nema skráð viðurkennd forföll komi til (L, V eða W í Innu) og þreyta nemendur þá próf í lok annar. **Nemendur sem eru fæddir 2004 eða fyrr eiga að ganga frá samningi um mætingar og verkefnaskil í upphafi annar. ATH!** Að reglur um skilaskyldu á verkefnum og mætingu í próf/tímaverkefni gilda líka um nemendur sem eru með samning um mætingu.

### Námsefni:

- ✓ **New Headway Upper-Intermediate. Workbook without key (5th edition)**, J.& L Soars and Joe McCaul → **ATH!** Bara kaupa vinnubókina, ekki student's book) VERÐUR AÐ VERA 5.útg!)
- ✓ **Ruth Ware: One By One.** (er til hljóðlesin á Audible en ekki á Storytel.)
- ✓ Efni frá kennara og á neti.

### Fyrirkomulag námsmats:

Námspáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
<b>Headway Upper-Intermediate Workbook, 5.ed</b> – Í Innu: er einnig Student's book	Kaflapróf úr efni úr köflum 7-12	40%
<b>Fimm smásögur/stuttmyndir í Innu</b>	Skrifleg verkefni	20%
skáldssagan: <b>Ruth Ware: One By One</b>	5 tímaverkefni og 1 munnlegt próf	20%
<b>Kvikmyndaverkefni</b>	Skilnings- og orðaforðaverkefni	10%
<b>Ritunarverkefni</b>	Tímaritgerð. Efni kynnt síðar	5%
<b>Þáttaka í kennslustundum</b>	Virgni í tímum og þátttaka í umræðum	5%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Selfoss, 4. janúar 2024**

**Kennarar:** Elvar Ingimundarson og Ægir Pétur Ellertsson